Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 2. september 2024
USK24080042

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29.8.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Göngu- og hjólastígar um Ásbraut - Tillaga að nýju deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 19. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar í Kópavogi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar, samkvæmt lýsingu, dags. 12. júlí 2024. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Reykjavík

Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2024
USK24080042

Kópavogur – Skipulagslýsing - Nýtt deiliskipulag Ásbrautar

Viðtakandi: Kópavogsbær

Sendandi: Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 19. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar í Kópavogi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar, samkvæmt lýsingu, dags. 12. júlí 2024.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við skipulagslýsinguna. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígtengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026